

29

12. apríl

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum 15. febrúar þ. á. þóknast allramildilegast, að staðfesta eftirfarandi

BREYTING

á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Aftan við 2. lið 29. gr. bætist:

„og skulu stúdentar leggja fram skilríki fyrir því, að þeir hafi samvirkusamlega tekið þátt í æfingum, áður en þeir ganga undir fyrra hluta embættisprófs“.

Aftan við nefnda grein bætist:

„14) Minnstu kröfur um verklegt nám eru sem hér segir:

Í miðhluta: 3 mánuðir í handlækniseild

3 — - lyflækniseild

2 — - rannsóknarstofu

1 — - röntgendeild.

Í síðara hluta: 1½ mánuður í lyflækniseild.

1½ — - handlækniseild.

Skulu stúdentar leggja fram skilríki fyrir þessu námi um leið og þeir innrita sig til embættisprófs“.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 12. apríl 1934.

Þorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

30

25. apríl

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breyting á orðalagi 1., 3. og 6. gr. samnings dags. 28. jan. 1926 milli sömu ríkja um haffæri skipa og skipsbúnað.

SAMKOMULAG

um breyting á orðalagi I. III. og VI. greinar samnings dags. 28. janúar 1926 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um haffæri skipa og skipsbúnað.

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur; forseti lýðveldisins Finnland; hans hátign konungur Noregs; hans hátign konungur Svíaríkis hafa gefið undirrituðum umboð til þess að gera svohljóðandi samkomulag:

I. grein í samningi þeim, er gerður var 28. janúar 1926 milli Íslands, Dan- **30**
 merkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um haffæri skipa og skipsbúnað, skal **25. apríl**
 breytast og hljóða þannig:

Sérhvert samningsríkjanna viðurkennir í hvívetna tilskipanir þær, er hin ríkin, er samninginn hafa undirskrifað, hafa sett um opinbert eftirlit með haffæri skipa, bæði eftirlitsstarfið sjálft og reglur þær, er settar eru um byggingu skipa af allri gerð og stærð, innanbolstillhögun þeirra og skipsbúnað; þar með einnig talin fyrir mæli um fyrirkomulag og útbúnað um fermingar- og affermingartæki skipa og því um líkt.

Skip það, sem heimilisfang á í einhverju þeirra landa, er undirskrifað hafa samning þenna, og hefir meðferðis skirteini fullgilt samkvæmt lögum heimalands síns, eða jafngildar sannanir fyrir því, að skipið fullnægi tilskipunum þeim, er þar eru settar, skal því undanþegið eftirliti í hinum undirskriftarlöndunum, aðeins að því undanskildu, er í III. grein segir.

Ákvæðið í fyrstu málsgrein þessarar greinar er eigi því til fyrirstöðu, að sérhvert samningsríkjanna geti breytt sínum eigin tilskipunum um eftirlit með haffæri skipa.

III. grein sama samnings skal breytast og hljóða þannig:

Hvert það skip, er hefir meðferðis góð og gild heimalandsskirteini, eða jafngild sönnunargögn, svo sem um getur í I. grein, skal að því er snertir það, sem gögn þessi fjalla um, einungis sæta því eftirliti af hálfu opinberra yfirvalda í höfnum hinna samningsríkjanna, sem nauðsynlegt er, til að þau geti fullvissað sig um, að skipin hafi meðferðis skirteini þau eða sönnunargögn, sem vera ber.

Án tillits til þess er hér segir að framan í þessari grein, er hverju samningsríkjanna rétt að gera ráðstafanir til að hefta burtför skips, er heima á í einhverju hinna samningslandanna, þegar stjórnarvöld þau, er í hlut eiga, fá vitneskju um, að lífi manna sé augsýnileg hættu búin, vegna þess sem ábótavant er í þeim efnum er hér getur um, ef því er leyfð fyrirhuguð ferð.

Ávallt er burtför skips er heft, skulu stjórnarvöldin þá þegar tilkynna það ræðismanni lands þess, er skipið á heima í, svo að hann geti gert allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni, nema skipstjórinn hafi þegar lagfært það, sem ábótavant var til að skipið sé haffært.

Án tillits til ákvæðanna í 1. lið greinar þessarar er hverju samningsríkjanna ennfremur rétt að banna eða stöðva til bráðabirgða vinnu við fermingu eða affermingu skipa, sem heima eiga í einhverju hinna undirskriftarlandanna, þegar stjórnarvöld þau, er í hlut eiga, álita að vinnan tefli lífi verkamanna undirskriftarríkisins sjálfs í augsýnilega hættu, vegna þess, að fermingar- eða affermingartækin reynast að vera eigi í svo góðu ástandi sem krafizt er samkvæmt löggjöf þjóðar þeirrar, er skipið er frá, eða ef ekki hafa verið gerðar ráðstafanir, sem ekki eru varanlegs eðlis, en algerlega nauðsynlegar til öryggis gegn slysum. Ef því, sem að er fundið, verður ekki komið strax í lag svo stjórn-

30 arvöldin séu ánægð með, skal tilkynna það þegar ræðismanni þess ríkis, sem 25. apríl skipið á heima í, svo hann geti gert nauðsynlegar ráðstafanir um málið.

VI. grein sama samnings skal breytast og hljóða þannig:

Samning þenna skal gera í einu eintaki á íslenzku, dönsku finnsku, norsku og sænsku, og eru það frumtextar, allir, en samninginn skal geyma í skjalasafni utanríkisráðuneytisins danska.

Danska stjórnin sendir stjórnnum samningsríkjanna staðfest endurrit.

Danska stjórnin sér ennfremur um að gerður verði fullgildur texti á frönsku eftir frumtextunum.

Samkomulag þetta, sem gert er í samræmi við ákvæði VI. greinar samningsins, gengur í gildi þann 15. júní 1928.

Þessu til staðfestu hafa þeir, sem veitt var umboð hver fyrir sig, sett nöfn sín og innsigli undir samkomulag þetta.

Samið í Kaupmannahöfn, 11. júní 1928.

L. Moltesen. J. Nyssönen. Jon Krabbe. Emil Huitfeldt. Joachim Bech-Friis.
(L. S.) (L. S.) (L. S.) (L. S.) (L. S.)

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Í fjarveru forsætisráðherra, 25. apríl 1934.

Magnús Guðmundsson.

31

19. maí

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Danmerkur um, hversu vissar ræðismannagerðir, er varða siglingar ríkjanna, skulu framkvæmdar.

Með erindum, dags. 18. maí 1934, hafa forsætisráðherra Íslands og sendiherra Dana í Reykjavík, gert svohljóðandi samkomulag:

Herra sendiherra,

Með bréfum dagsett 18. október og 10. nóvember 1920 hafa Jón Magnússon, forsætisráðherra, og J. E. Böggild, sendiherra, gert samkomulag um, að ef íslensk yfirvöld halda sjópróf yfir

Hr. Førsteminister,

Mellem min Forgænger, Minister Böggild, og Førsteminister Jón Magnússon blev der ved Skrivelser af 18. Oktober og 10. November 1920 truffet Aftale om, at der i Tilfælde af is-